

**395. fundur
Hreppsnefndar Tálknafjarðar
haldinn Miðtún1, Tálknafjörður,
miðvikudaginn 21. janúar 2009 og hófst hann kl. 17:00**

Fundinn sátu:

Eyrún Ingibjörg Sigbórsdóttir (EIS), Guðni Ólafsson (GÓ), Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG), Bragi Geir Gunnarsson (BGG), Birna Benediktsdóttir (BB), Ása Jónsdóttir (ÁJ),

Fundargerð ritaði: Ása Jónsdóttir ,

Dagskrá:

1. 0812010F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 35

Til máls tóku: BGG, BB og EIS, samþykkt einróma.

2. 0812011F - Skólanefnd Tálknafjarðarhrepps - 36

Til máls tóku: EIS, BGG, BB og GÓ, samþykkt einróma.

3. 0812054 - Fjórðungssamband Vestfirðinga. Fundargerð stjórnar frá 3. desember 2008

Til máls tóku: BB, EIS, BGG, GÓ, BG, lagt fram til kynningar.

4. 0901023 - Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða. Fundargerð 12. desember 2008

Til máls tóku: EIS, BGG, BG, BB, GÓ, lagt fram til kynningar.

5. 0901030 - Samband íslenskra sveitafélaga. Fundargerð 759. fundar

Til máls tóku: EIS, BGG, BB, lagt fram til kynningar.

6. 0901087 - Sæferðir. Bréf varðandi málefni ferjunnar Baldurs

Til máls tóku: EIS, BGG, BB, GÓ, BG,
Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps skorar á yfirvöld samgöngumála að tryggja áframhaldandi ferjusiglingar allt árið um kring yfir Breiðafjörð, milli Stykkishólms og Brjánslækjar. Ferjan Baldur hefur gegnt lykilhlutverki í því að tryggja heilsársamgöngur við sunnanverða Vestfirði í áratugi. Framkvæmdir á Vestfjarðavegi 60 hafa frestast margsinnis, nú síðast vegna efnahagsástandsins í þjóðfélaginu. Áætlað var að uppbygging Vestfjarðarveggar yrði að mestu lokið um áramótin 2010-2011. Því miður er ljóst að því markmiði verður langt í frá náð. Samningur um ferjusiglingar yfir Breiðafjörð, á milli Vegagerðarinnar og Sæferða ehf., rennur út um næstu áramót. Fiskútflutningsfyrirtæki sem búin eru að byggja upp viðskiptasambönd eru dauðadæmd ef samningur um ferjusiglingar verður ekki endurnýjaður með tilheyrandi áhrifum á íbúapróun

og aðra atvinnustarfsemi.

Það er skýlaus krafa okkar að ferjusiglingar yfir Breiðarfjörð verði tryggðar a.m.k. til næstu fjögurra ára og Vegagerðinni verði falið að ganga til samninga þar um. Samþykkt samhljóða

7. 0901045 - Heilbrigðisráðuneytið. Áform um sameiningu heilbrigðisstofnana

Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps hefur fullan skilning á erfiðri stöðu ríkissjóðs og styður alla viðleitni til sparnaðar, en lýsir yfir efasemdum um hagræði af því að sameina Heilbrigðisstofnunina á Patrekfirði og Heilbrigðisstofnun Vestfjarða. Eftir fund með ráðherra heilbrigðismála í síðustu viku er ljóst að ákvörðun um sameiningu stendur. Vinnuhópur hefur hafið störf og er hann skipaður einstaklingum frá báðum stofnunum og mun hann skila tillögum að starfsemi nýrrar stofnunar. Hreppsnefnd Tálknafjarðarhrepps skorar á ráðherra að gæta vel að því markmiði sínu að sameiningar skerði ekki þjónustu heilbrigðisstofnana og hvetur ráðherra til þess að taka fullt tillit til sérstöðu fjórðungsins hvað varðar samgönguleysi. Samgöngubætur eru algjör forsenda þess að sameining heilbrigðisstofnana verði til þess að styrkja Vestfirði sem heild. Til máls tóku allir og var ofangreind ályktun samþykkt samhljóða.

8. 0901042 - Náttúrustofa Vestfjarða. Samningur um rekstur

Samningurinn lagður fram, Guðni Ólafsson undirritar vegna fjarveru oddvita. Samþykkt samhljóða.

9. 0901086 - Samband íslenskra sveitafélaga. Verkfallslistar fyrir 1. febrúar 2009

Til máls tóku allir, samþykkt samhljóða.

10. 0901040 - Umsókn um leyfi til kattahalds. Jóna G. Sigursveinsdóttir

Samþykkt einróma.

11. 0901089 - Alþýðusamband Íslands. Hugmyndir varðandi hag atvinnulausra

Til máls tóku allir, lagt fram til kynningar.

12. 0901025 - Vesturbyggð. Tilnefning í almannavarnarnefnd

Samþykkt einróma. Oddvita falið að kynna bæjarstjóra Vesturbyggðar um niðurstöðu.

13. 0901022 - Vesturbyggð. Sorphirðumál

Til máls tóku: EIS, BGG, BG, BB, GÓ. Lagt fram til kynningar.

14. 0811091 - KPMG. Endurskoðun fyrir Tálknafjarðarhrepp

Samningurinn samþykktur samhljóða.

15. 0901027 - Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Leiðbeiningar um fjárhagsaðstoð sveitafélaga

Til máls tóku: EIS, BGG, BB, GÓ, BG. Erindinu vísað til félagsmálaráðs, samþykkt samhljóða.

16. 0901088 - Samband íslenskra sveitafélaga. Minnisblað varðandi gerð fjárhagsáætlana

Til máls tóku allir, lagt fram til kynningar.

17. 0812037 - Fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2009. Seinni umræða

Farið yfir fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps og stofnana hans fyrir árið 2009.

Fyrir fundinum lá greinargerð oddvita þar gert er grein fyrir helstu breytingum á milli umræða. Oddviti leggur til að greinargerðin verði aðgengileg á netinum ásamt fjárhagsáætlun 2009.

Með áorðnum breytingum á fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 eru tekjur samstæðureiknings Tálknafjarðarhrepps, (A og B hluta), áætlaðar kr. 183.819.000 og útgjöld áætluð kr. 179.802.000.

Niðurstaða reksturs án fjármagnsliða og afskrifta er því jákvæð um kr. 4.017.000.

Fjármagnsliðir nettó eru áætlaðir neikvæðir um kr. 12.857.000 og afskriftir áætlaðar kr. 15.067.000.

Rekstrarniðurstaða samstæðureiknings Tálknafjarðarhrepps er því neikvæð um kr. 8.840.000.

Til máls tóku allir. Fjárhagsáætlun samþykkt með áorðnum breytingum frá fyrri umræðu.

18. 0811028 - Staðardagskrá 21. Drög að áætlun um Staðardagskrá 21 fyrir Tálknafjarðarhrepp

Staðardagskrá 21 samþykkt með áorðnum breytingum. Allir tóku til máls.

19. 0811032 - Upplýsingagjöf framkvæmdarstjóra

Oddvita falið að hafa samband við Vodafone og fá skýringar á lélegu sambandi notenda Vodafone. Allir tóku til máls.

20. 0901084 - Félag tónlistarkennara. Ályktun um stöðu tónlistarskólanna í landinu

Lagt fram til kynningar.

21. 0901083 - Samgönguráðuneytið. Afsláttur á fasteignaskatti

Reglur Tálknafjarðarhrepps um afslátt elli- og örorkulífeyrisþega vegna lækkana eða niðurfellinga fasteignagjalda árið 2009.

Skilyrði lækkunar eru að viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþegi eigi lögheimili í og sé þinglýstur eigandi viðkomandi fasteignar og/eða geti átt rétt á vaxtabótum vegna hennar skv. B-lið 68.gr.laga nr. 90/2003 um tekju- og eignaskatt. Einungis er veitt lækkun vegna íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Tekjumörk vegna lækkunar fasteignaskatts á árinu 2009 eru eftirfarandi og miðast við allar tekjur liðins árs 2007.

100% lækkun :

A

1. Einstaklingur með tekjur allt að kr. 2.041.200.
2. Hjón með tekjur allt að kr. 2.835.000.

70% lækkun :

B

1. Einstaklingur með tekjur á bilinu kr. 2.041.200. til kr. 2.574.600.
2. Hjón með tekjur á bilinu kr. 2.835.000. til kr. 3.605.700.-

Engin lækkun :

C

1. Einstaklingur með hærri tekjur en kr.2.574.600.
2. Hjón með hærri tekjur en kr. 3.605.700.-

Oddvita falið að kynna þessar reglur til Samgönguráðuneytisins. Samþykkt samhljóða.

22. 0901082 - Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Húsaleigubætur - Uppreiknuð eignamörk

Lagt fram til kynningar.

23. 0901081 - Samgönguráðuneytið. Jöfnunarsjóður sveitafélaga

Lagt fram til kynningar.

24. 0901080 - Félags- og trygginamálaráðuneytið. Uppreiknuð tekju- og eignamörk vegna félagslegra leiguíbúða

Lagt fram til kynningar.

25. 0901044 - Samgönguráðuneytið. Jöfnunarsjóður, framlag vegna sérþarfa fatlaðra nemenda

Lagt fram til kynningar.

26. 0901036 - Búnaðarsamtök Vesturlands. Samstarfsverkenfi um þjóðlendumál

Lagt fram til kynningar.

27. 0901035 - Forsteti alþingis. Bréf varðandi ný lög um leik- og grunnskóla

Lagt fram til kynningar.

28. 0901033 - Umhverfisstofnun. Endurgreiðsla vegna minka- og refaveiða

Lagt fram til kynningar.

29. 0901032 - Landvernd. Bláfáninn

Lagt fram til kynningar.

30. 0901024 - Skipulagsstofnun. Könnun á stöðu byggingareftirlits á Íslandi

Lagt fram til kynningar.

31. 0901021 - Brunabót. Áhrif fjármálakreppunnar á EBÍ

Lagt fram til kynningar.

32. 0812055 - ÍSÍ. Bréf dagsett 5. desember 2008

lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19.20

| | |
|-------|-------|
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |
| _____ | _____ |